

Fundur 27.1.2025 Ian Collins.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Góða kvöldið.

Hef ég haft það fyrir reglu að koma hér á fundi til ykkar reglulega og fræða ykkur um ýmislegt sem á dagana hefur drifið hjá okkur og vona ég að starf okkar verði ykkur og öðrum til gagns.

Finn ég nú að samstilling þjóðar ykkar mætti verða betri og vonum að hægt verði að bæta úr því.

Tala ég hér úr mikilli stjörnusambandsstöð, og hef ég verið staddur á þessum hnetti all lengi, varð ég fyrir heilsubresti sem truflaði starf mitt, en hef ég sagt ykkur frá því að ég hef aftur fengið styrk og kominn til starfa.

Og langt er síðan ég kom með erindi hjá ykkur fyrst, og

Svo þú ert Collins ?

Já sæll vertu, Ian Collins.

Já vertu velkominn.

Tölum við hér frá landi okkar og vonum að við getum komið á meiri orku hér í kvöld og það eru ekki margir hóparnir á ykkar jörð sem ná sama skilnings stigi og ykkar hópur á þessum framlífs málefnum, en sumir eru þó mjög framarlega í kærleiks orku og slíku.

En okkur er það mikilvægt að stuðla að því að spádómarnir um hina íslensku leiðsögn mannkyninu til handa, muni rætast, og viljum því leggja okkar lóð á vogarskálarnar.

Hef ég lengi rannsakað trúarbrögðin og hefur okkur þótt það mjög mikilvægt verkefni að aðstoða frumlífs jarðirnar og koma þeim á rétta braut, og reyna það að minnsta kosti, þótt það sé erfitt.

Þar sem skilningurinn er að vaxa og fortíðar kredurnar til staðar og nauðsynlegt að fjalla um þessi mál frá ýmsum hliðum.

Hef ég oft sagt ykkur frá því að við höfum reynt að beita afli til þess að þeir aðilar nái betur að fóta sig sem skipta sköpum í framlífs þróun heimsins, og Bobby Fisher er einn af þeim, en hefur hann verið að komast út úr þeim aðstæðum sem ekki nógu hagstæðar hafa verið.

Og eru það merkileg tíðindi að vísu frá þeim hnetti, hvernig tekist hefur að vinna litla sigra á andstöðu við lífstefnuna og stríðandi fylkingar múslima, kristinna og gyðinga og annara, hafa náð stundar samkomulagi, en aðstæður hnattarins eru þó ekki að fullu orðnar heppilegar, og getur verið von á frekari tilraun Guðanna til að hjálpa þar til.

Og vonum að þið fáið samband frá þeim hnetti sjálfum, hvort sem það verður við Fisher sjálfan eða aðra.

Ætla ég nú að minnast á það að langt hlé.

Það eru örðugleikar að koma þessu áfram, en ég veit ekki hvort það er gott fyrir orkuna á þessum fundi sem hefur ekki náð alveg fullri orku, en ég verð að segja að ýmis konar átök eru á ykkar jörð í menningu og trúmálum, sem við höfum áhyggjur af, en við náum ekki að breyta því að svo stöddu, en til eru sumir sem gætu náð orku sinni í gegn hjá ykkur og gætu haft þar áhrif.

En ég ætlaði hér að vera með fræðslu erindi, næ ekki alveg að, það eru, það eru, það hefur verið reynt að ná samkomulagi við helstefnu öfl og hafa þau náð sterkum tókum á ýmsum hnöttum, ýmsum löndum jarðar ykkar, sem stunda stríðsrekstur, og höfum áhyggjur af því að erfitt verði að

koma þeim málum í friðsamlegt horf, þið vitið víst hvaða þjóðir það eru, en ég, við ætlum að reyna að koma þessu að seinna betur, en ég held að ég að ég hafi eitthvað hjálpað til með þessu sambandi að útskýra þetta, svo aðrir komi seinna og úrskýri betur, en orkan hefur einnig aukist hjá ykkur og er það gott og höfum því markmiði náð.

Hér er fjölmennt lið á þessum hnetti, framliðnir Bretar og höldum við í gömlu tengslin við ykkar þjóð frá víkingatímanum og þar áður og eru þau tengsl mikilvæg kærleiks tengsl sem þjóðirnar þurfa að rækta betur.

Þakka ég fyrir mig og kveð ykkur að sinni, verið þið sæl.

Þakka þér fyrir og vertu sæll og blessaður.